



DAGSKRÁ


13. september kl. 10.00–17.00

9.00–10.00	Skráning og kaffi
10.00–10.15	Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra setur ráðstefnuna
10.15–10.25	Fundarstjórar kynna dagskrá
10.25–11.25	Tamsin Ace og Shân MacLennan, Southbank Centre.
11.25–11.30	Teygjutvist
11.30–12.00	Sindri Bergmann, KrakkaRÚV
12.00–13.00	Hádegismatur
13.00–13.30	Elfa Lilja Gísladóttir, verkefnistjóri List fyrir alla
13.30–13.50	Hljómsveitin Kvöldvaka, frásögn og atriði
13.50–14.20	Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík
14.20–15.00	Kaffi og spjall
15.00–16.15	Markaðstorg hugmynda, kynningar frá ýmsum menningarstofnunum
16.15–16.45	Rune Thorsteinsson, listamaður. Taktur og hrynjandi
18.00–19.00	Hanastél í ráðhúsinu
19.00–22.00	Kvöldverður og skemmtun.

14. september kl. 9.30–12.00

9.30–9.45	Hugvekja um barnamenningu, Jón Páll Eyjólfsson
10.00–11.00	Málstofur: 1. Listfræðsla, Tinna Guðmundsdóttir 2. Listkennsla og fagurfræði, Dr. Rannveig Björk Þorkelsdóttir 3. Sköpun bernskunnar, Guðrún Pálína Guðmundsdóttir 4. Samstarf um barnamenningu, Harpa Rut Hilmarsdóttir
11.10–12.30	Vinnusmiðja með Rune Thorsteinsson Hádegishressing og ráðstefnulok.

MENNINGARLANDIÐ 2017



RÁÐSTEFNA UM BARNAMENNINGU 13.–14. SEPTEMBER Í MENNINGARHÚSINU BERGI, DALVÍK



Tamsin Ace er forstöðumaður viðburða hjá Southbank Centre og fer þar fyrir sex manna viðburðateymi sem hefur það hlutverk að laða til sín fjölbreyttan hóp gesta á hverja hátíð. Markmið hennar er að gera Southbank Centre að vettvangi þar sem úrvalsefni frá öllum heimshornum ætlað börnum fær að njóta sín og þar sem listamenn leita nýrra og óvenjulegra leiða við að sameina ólík listform.

Tamsin lærði leiklist og ensku og að loknu leiklistarkennaranámi gerðist hún fræðslustjóri við barnaleikhúsið The Bull. Áður starfaði hún sem skipuleggjandi sviðslista- og danshúss og lagði þar áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt efni fyrir börn og fjölskyldur.



Shan MacLennen hefur unnið í Southbank Centre síðan 1992. Hún er nú staðgengill Jude Kelly listræns stjórnanda og hefur gegnt því starfi síðan 2015. Hennar fyrsta starf hjá SBC var í fræðsludeildinni og síðan hefur hún unnið að því að gera fræðslu fyrir alla að órjúfanlegum hluta af starfi stofnunarinnar. Hornsteinn þeirrar vinnu er að virkja börn og ungmenni, hvort sem er listamenn, áhorfendur, nemendur eða gagnrýnendur. Hún hefur sett börn og ungt fólk í öndvegi hjá Southbank Centre, enda er sjónarhorn þeirra, lífspróttur og framlag ómetanlegt fyrir starf Southbank Centre. Hún hefur lokið prófi frá háskólunum í Bristol og Edinborg.



Sindri Bergmann Þórarinnsson stýrir KrakkaRÚV, barnþjónustu RÚV. Þar sér hann um framleiðslu og dagskrárgerð fyrir þætti eins og Stundina okkar og Krakkafréttir ásamt því að móta framtíðarstefnu barnþjónustunnar. Sindri er með fjölbreyttan bakgrunn og hefur starfað sem hljóðhönnuður, verið deildstjóri hjá Kvikmyndaskóla Íslands, stýrt framleiðslufyrirfyrirtæki og verið með eigin útgáfu afþreyingarefnis. Hann hefur jafnframt tekið þátt í fjölda skapandi verkefna á sviði kvikmyndagerðar, í leikhúsum og í vef- og margmiðlunarverkefnum.

Sindri hefur einnig verið virkur í frumkvöðlasenunni á Íslandi en þau verkefni sem hann hefur komið að eiga það öll sameiginlegt að hvetja börn til að átta sig á snilligáfu sinni og verðmæti hugmynda sinna. KrakkaRÚV er einmitt á sömu vegferð.



Elfa Lilja Gísladóttir er verkefnastjóri barnamenningarverkefnisins List fyrir alla sem rekið er af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Elfa Lilja lauk burtfarar- og kennaraprófi í píanóleik og stundaði framhaldsnám í tónlist og hreyfingu við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg. Elfa hefur í áratugi kennt börnum tónlist og hreyfingu bæði hjá Kramhúsinu, leik-grunn- og háskólum og hjá Tónskóla Sigursveins auk þess að þjálfa kennara í grunnþáttum tónlistar bæði á vettvangi og í háskólaumhverfinu.

Elfa stýrir tónsköpunarverkefninu Upptakturinn á vegum Hörpu auk þess sem hún kemur að öðrum barnamenningartengdum verkefnum á vegum Reykjavíkurborgar, sveitafélaga og ríkisins. Elfa situr í stjórn og dómnefnd alþjóðlegru samtakanna The Young Audiences Music Awards sem sérhæfa sig í framúrskarandi listviðburðum fyrir börn.



Vigdís Jakobsdóttir er menntaður leikstjóri auk þess að vera með diplóma í háskólakennslufræðum. Hún hefur leikstýrt hjá Þjóðleikhúsinu, Útvarpsleikhúsinu og sjálfstæðum leikhópum en hún á einnig að baki fjölbreytta stjórnunarreynslu á sviði lista og menningar. Vigdís starfaði um árabíl sem deildarstjóri fræðsludeildar hjá Þjóðleikhúsinu og sem listrænn stjórnandi Þjóðleiks, leiklistarhátíðar ungs fólks á landsbyggðinni. Hún átti frumkvæði að og var listrænn stjórnandi UNGA – alþjóðlegrar sviðslistahátíðar ASSITEJ á Íslandi sem hóf göngu sína árið 2013. ASSITEJ eru samtök fagfólks sem gerir sviðslistir fyrir unga áhorfendur. Samtökin teygja anga sína um allan heim en Vigdís sat í alþjóðlegri yfirstjórn þeirra í sex ár. Vigdís var stundakennari og síðar fagstjóri við listkennsludeild Listaháskóla Íslands á árunum 2002-2016 en hefur frá haustinu 2016 gegnt stöðu listræns stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík.



Tinna Guðmundsdóttir er menningarstýra, framleiðandi og listamaður með aðsetur á Seyðisfirði. Tinna útskrifaðist úr fjöltækneild Listaháskóla Íslands árið 2002, í kjölfarið lauk hún kennsluréttindanámi úr sama skóla. Árið 2008 útskrifaðist hún með MA í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Tinna vann sem skrifstofustjóri ReykjavíkurAkademíunnar árin 2005-2008 og sem framkvæmdastjóri Nýlistasafnsins frá 2009-2011. Hún hefur einnig unnið að allmörgun sjálfstæðum verkefnum s.s. Lortur Biennale, Sequences listahátíð 2008 og sem ritstjóri á heimildaritinu „Nýlistasafnið 1978-2008“ sem kom út árið 2010. Undanfarin fimm ár hefur Tinna starfað sem forstöðukona Skaftfells - myndlistarmiðstöðvar Austurlands og unnið að framleiðslu heimildarmyndarinnar Blindrahundur.



Dr. Rannveig Björk Þorkelsdóttir, , aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, er með doktorsgráðu í rannsóknum og skólaþróun með áherslu á leiklist frá kennaradeild Norska tækni- og vísindaháskólans, NTNU, í Þrándheimi. Rannsóknarverkefni Rannveigar í doktorsnámi var: Hvernig er staðið að innleiðingu leiklistar í grunnskólum á Íslandi? (e.Understanding drama teaching in compulsory education in Iceland).

Rannveig hefur kennt og rannsakað áhrif leiklistar í námi í fjölda mörg ár. Þá hefur hún skrifað greinar um áhrif leiklistar á nám barna, tekið þátt í þróun aðalnámskrár og gefið út kennslubækur í leiklist.



Guðrún Pálína Guðmundsdóttir Starfandi fræðslufulltrúi Listasafnsins á Akureyri í 50% stöðu og vinnur að eigin list utan þess tíma. Hún hefur skipulagt marga viðburði og sýningar tengdar myndlist og fræðslu. Guðrún nam myndlist í Hollandi 1982-89 og málvísindi í Gautaborgarháskóla, auk þess hefur hún kennsluréttindi frá HA. Guðrún hefur kennt á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu, bæði myndlist og íslensku. Hún stjórnaði Listasumri á Akureyri árin 2000 og 2001, rak listagallerí í mörg ár ásamt eiginmanninum, Gallerí+, á Akureyri. Guðrún byrjaði að vinna við sýningarröðina Sköpun bernskunnar fyrir 4 árum. Fyrsta sýningin var á vegum Myndlistarfélagsins á Akureyri og með fræðsludagskrá.



Harpa Rut Hilmarsdóttir er verkefnastjóri barnamenningar hjá Reykjavíkurborg. Þar stýrir hún verkefnum sem tengja saman börn og menningu eins og Barnamenningarhátíð í Reykjavík, Skrekk hæfileikakeppni skóla- og frístundasviðs, Menningarfána Reykjavíkur, samstarfi menningarstofnana um safnfræðslu, Biophilia menntaverkefninu o.fl. Harpa tekur þátt í stefnumótun varðandi lista- og menningarfræðslu hjá borginni en staða hennar tilheyrir bæði menningar- og ferðamálasviði og skóla- og frístundasviði. Hún hefur unnið að barna- og unglingamenningu frá ýmsum hliðum: Unnið í félagsmiðstöð, stýrt unglingaþætti í sjónvarpi, sem grunnskólakennari þar sem hún tók þátt í fjölda menningarviðburða með nemendum.

Það er hlutverk Hörpu að sjá til þess að tengja saman ólíka aðila til að skapa tækifæri fyrir lista- og menningarupplifanir barna- og unglinga og til að búa til lifandi starfsvettvang fyrir listafólk sem vill starfa með börnum og ungmennum.



Rune Thorsteinsson Verðlaunalistamaður og tónlistarkennari sem býr í Kaupmannahöfn þar sem hann skapar tónlist í samvinnu við tónlistarmenn úr hinum ýmsu menningarheimum.

Rune kennir tónlist á öllum stigum frá barnaskólum til nemenda við Tónlistarskólann í Kaupmannahöfn.